



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

28
04 20
22

Schumann og Schubert



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Sellókonsert, op. 129, a-moll – 25'

Sinfónía nr. 9, C-dúr – 50'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

28|04

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

RAUÐA RÖÐIN

Schumann og Schubert

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Kian Soltani
einleikari

Efnisskrá

Robert Schumann
Sellókonsert (1850)
Nicht zu schnell
Langsam
Sehr lebhaft

Hlé

Franz Schubert
Sinfónía nr. 9 (1826)
Andante – Allegro ma non troppo – Più moto
Andante con moto
Scherzo. Allegro vivace – Trio
Finale. Allegro vivace

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademiuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því 17 ár. Þá stjórnaði Eva framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínnarborg. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.

Á næsta starfsári mun Eva meðal annars þreyta frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS í Lundúnum þar sem Kian Soltani er í einleikshlutverki. Þá mun hún einnig stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og í Walt Disney Hall.



Kian Soltani

EINLEIKARI

Austurríski sellóleikarinn Kian Soltani er einn eftirsóttasti einleikari veraldar nú um stundir. Stórblaðið The Times hefur lýst honum sem „stórmerkum sellista“ og hið virta tónlistartímarit Gramophone kallar leik hans „hreina fullkomnun“. Flutningur hans þykir einkennast af djúpri tjáningu og fullkominni tækni en Soltani þykir einmitt ná einstökum tengslum við áhorfendur. Hann kemur reglulega fram með helstu hljómsveitum og hljómsveitarstjórum heims og hljóðritar fyrir Deutsche Grammophon, þar á meðal sellókonsert Dvořáks með Ríkishljómsveitinni í Berlín (Staatsskapelle Berlin) og Daniel Barenboim. Þá hefur hann komið fram í Carnegie Hall, Salzburgar-hátíðinni, Lucerne-hátíðinni, Wigmore Hall, Musikverein í Víinarborg og Southbank Centre svo einhverjir staðir séu nefndir.

Soltani er fæddur árið 1992 í Bregenz af persneskum ættum. Hann hóf að leika á selló fjögurra ára gamall og innritaðist einungis 12 ára gamall í Tónlistarakademíuna í Basel. Hann nam auk þess við Kronberg-akademíuna í Þýskalandi og Alþjóðlegu tónlistarakademíuna í Liechtenstein. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo-sellókeppninni í Helsinki árið 2013. Hann leikur á „The London, ex Boccherini“ Stradivarius-sellóið sem hann hefur á góðfúslegu láni frá Bears International Violin Society.



Robert Schumann

SELLÓKONSERT

Robert Schumann (1810-1856) lifði ekki lengi en á stuttri ævi tókst honum að marka djúp spor í tónlistarsöguna og er nú talinn í hópi fremstu tónskálda rómantíska tímabilsins. Hann fæddist í Zwickau, yngstur fimm systkina. Schumann er fæddur sama ár og Chopin, ári á eftir Mendelssohn og þremur árum á undan Wagner. Hann nam lögfræði í öndverðu en sneri sér snemma að píanóinu og hugði á einleiksferil. Handameiðsl komu þó í veg fyrir frama á því sviði. Upp frá því starfaði Schumann sem tónskáld og mikilsvirtur tónlistargagnrýnandi. Mörg verkanna samdi hann einmitt fyrir eiginkonu sína, Clöru Schumann, sem var meðal fremstu píanóleikara á sinni tíð.

Eins og með flesta einleikskonserta sína samdi Schumann sellókonsertinn með ákveðinn einleikara í huga. Að þessu sinni var það sellóleikarinn Robert Emil Bockmühl sem varð fyrir valinu en hann var í vinfengi við Schumann. Konsertinn samdi tónskáldið skömmu eftir að þau hjónin fluttust búferlum til Düsseldorf og það á býsna skömmum tíma, það er að segja frá 10. til 24. október 1850, eða á einungis tveimur vikum. Konsertinn var þó ekki frumfluttur fyrr en um áratug síðar eða hinn 23. apríl 1860, fjórum árum eftir andlát tónskáldsins. Einleikari þá var Ludwig Ebert.

Reyndar var það svo að Schumann bauð að minnsta kosti tveimur útgefendum konsertinn til útgáfu en hvorugur sýndi verkinu áhuga, þrátt fyrir að lítið hefði verið skrifað fyrir sellóíð sem einleikshljóðfæri með hjómsveit. Þriðji útgefandinn, Breitkopf & Härtel, beit hins vegar á agnið en ekki fyrr en Schumann hafði lýst verkinu sem „glaðværu“ og „upplífandi“ – sem er ansi langt seilst, enda fyrst og fremst um að ræða ljóðrænt og tilfinningaþrungin verk. Schumann glímdi á þessum tíma við mikinn heilsubrest en hann hafði lengi þjást af geðhvörfum. Árið 1854 var hann farinn að heyra raddir og fleygði sér á endanum á ána Rín. Þaðan var hann dreginn á land og færður á geðsjúkrahús nærri Bonn þar sem lést rúmum tveimur árum síðar. Eitt síðustu verka Schumanns áður en hann missti endanlega heilsuna var að leiðrétta prófarkir af sellókonsertinum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsert Schumanns hefur átta sinnum áður hljómað í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einleikarar voru Erling Blöndal Bengtsson (1967 og 1994), Gisela Debkat (1974), Gunnar Kvaran (1978), Bryndís Halla Gylfadóttir (1990), Sigurgeir Agnarsson (1995), Margrét Árnadóttir (2000) og Danjulo Ishizaka (2008).

Konsertinn er í þremur samhangandi köflum, þeim fyrsta í a-moll sem tónskáldið vill ekki að sé leikinn of hratt (*Nicht zu Schnell*). Hann er sönötuformi og við heyrum stefin tvö kynnt til sögunnar sem tónskáldið vinnur svo smám saman með. Kaflinn er afar lýrískur og að mörgu leyti tilfinningaþrunginn, rétt eins og venja var meðal rómantískra tónskálda. Schumann leiðir okkur svo yfir í hægan annan kaflann (*Langsam*) sem ein-kennist af syngjandi stafi í F-dúr. Þar heyrum við meðal annars *Clöru*-stefið, fallandi fimmund, sem skýtur upp kollinum hér og þar í verkinu. Aftur erum við svo leidd yfir í þriðja kaflann (*Sehr lebhaft*) sem er í rondó-formi og við heyrum aðalstefið ítrekað á nokkrum stöðum. Kaflinn hefst í a-moll og endar í hinni björtu tóntegund, A-dúr. Það eru nokkur mótíf sem skjóta upp kollinum hér og þar í konsertinum, þar á meðal upphafshljómarnir þrír (leiknir af tréblásurum) og *Clöru*-stefið.



Franz Schubert

SINFÓNÍA NR. 9

Eins og að ofan er getið spannaði ævi Schumanns ekki langt tímabil en Franz Peter Schubert (1797-1828) lifði enn skemur. Hann hafði einungis eitt ár um þrítugt þegar hann lést (að öllum líkindum helsjúkur af sárásótt) í Vínarborg hinn 19. nóvember 1828, um ári eftir að Beethoven féll frá. Öfugt við til að mynda Haydn, Mozart og Beethoven sem voru aðkomumenn í Vínarborg var Schubert þar heimamaður. Þar lifði hann og starfaði alla sína tíð en raunar var hann lítt þekktur meðan hann lifði og nánast ekkert utan Vínarborgar. Hann sýndi snemma gríðarlega tónlistarhæfileika og nam í öndverðu á fiðlu og píanó hjá föður sínum og bróður. Fljótlega hóf hann nám hjá öðrum og nam um tíma hjá Salieri. Tónsmíðar voru hins vegar ótrygg vinna og Schubert lærði því til kennara og kenndi um skeið við skóla sem faðir hans rak en frá árinu 1816 og til dauðadags helgaði hann sig einvörðungu tónsmíðum og tónlistarflutningi. Schubert samdi á annað þúsund verk á örskammri ævi, þar á meðal ríflega 600 sönglög, sjö fullgerðar símfóníur, ellefu píanósónötur, óperur og messur. Schubert starfaði á mörkum klassíska tímabilsins og þess rómantíska og kannski má segja að það séu einmitt sönglögin sem höfðu ekki hvað síst áhrif hljóðfæratónlist Schuberts; við heyrum syngjandi laglínur í til að mynda símfóníunum sem mynda ljóðræna heild.

Hljóðfæratónlist Schuberts var lítið flutt á meðan hann lifði og það var ekki fyrir en á árunum eftir dauða hans að hvert meistaraverkið á fætur öðru kom í ljós. Kannski er þekktasta dæmið einmitt af 9. símfóníunni, „hinni stóru“, sem Schumann uppgötvaði í Vínarborg árið 1838 hjá Tónlistarfélaginu þar í borg (Gesellschaft der Musikfreunde). Schumann hafði eintak af verkinu með sér til Leipzig þar sem Gewandhaus-hljómsveitin frumflutti verkið hinn 21. mars árið 1839 undir stjórn Felix Mendelssohn. Schumann, sem var mikilvirtur tónlistargagnrýnandi um sína daga, skrifaði um verkið í tímarit sitt, Neue Zeitschrift für Musik, þar sem hann hrósaði því í hástert, ekki hvað síst „himneskri lengd“ þess. En það var eitt af einkennum rómantísku stefnunnar að verk urðu lengri og viðameiri, enda tekur 9. símfónía Schuberts tæpa klukkustund í flutningi. Sem dæmi má nefna að 9. símfónía Schuberts telur 2.623 takta (án endurtekninga) á meðan 9. símfónía Beethovens telur alls 2.203 takta. Hljómsveitin hjá Schubert er þó umtalsvert minni en hjá Beethoven.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveit Íslands hefur nokkrum sinnum leikið 9. símfóníu Schuberts áður, fyrst í október árið 1951 undir stjórn dr. Róberts A. Ottóssonar. Næst hljómaði verkið ekki fyrr rúmri hálfri öld síðar eða árið 2002 undir stjórn Thomasar Kalb. Eivind Aadland stjórnaði verkinu árið 2015.

Eva Ollikainen átti að stjórna símfóníunni árið 2020 en ekki varð af flutningnum þar sem tónleikunum var aflýst vegna heimsfaraldursins.

Lengi framan af var talið að 9. símfónía Schuberts hefði verið samín árið 1828, það er síðasta árið sem tónskáldið lifði. Hins vegar hefur nú komið í ljós að verkið lá fyrir í drögum sumarið 1825 og var að fullu samið ári síðar. Schubert hafði ekki efni á að láta flytja verkið og sendi Tónlistarfélaginu í Vínaborg raddskrána sem brást við með því að senda tónskáldinu lágmarksgreiðslu og stinga verkinu upp í hillu, þar sem Schumann fann það rúmum áratug síðar.

Símfónían er í fjórum köflum. Fyrsti kaflinn (*Andante – Allegro ma non-troppo – Più moto*) er í sönötuformi og hefst á stefi í hornunum sem við heyrum svo tónskáldið leika sér með í gegnum kaflann og ítreka í niðurlagi (coda). Hægur annar kaflinn (*Andante con moto*) er tilbrigði við sönötuform og við heyrum óbóíð leika gullfallett stef í upphafi hans. Eftir dramatískan þriðja kafla (*Scherzo. Allegro vivace*, þ.m.t. léttleikandi *Trio*) heyrum við hinn volduga lokapátt (*Finale. Allegro vivace*) þar sem tónskáldið bregður á leik með því að útfæra aðalstefin með mismunandi hætti.

Magnús Lyngdal Magnússon

Á DÖFINNI

05|05

FIMMTUDAGUR

KL. 19:30



Víkingur og John Adams


Víkingur Heiðar Ólafsson leikur píanókonsert eftir bandaríska tónskáldið John Adams á tónleikunum undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Konsertinn ber heitið *Must the Devil Have All the Good Tunes?* og hefur Víkingur leikið verkið undir stjórn tónskáldsins víða um heim. Þessi skemmtilegi konsert er „sprengigös af orku og uppfinningasemi“ að sögn eins gagnrýnanda, ómótstæðileg blanda af virtúósatækni Liszts, djassi og „honky-tonk“ píanóspili.

Einnig verða flutt verkin *Short Ride in a Fast Machine* og *Harmonielehre* eftir Adams.

18|05

MÍÐVIKUDAGUR

KL. 20:00



Eva stjórnar Shostakovitsj

Fáar sínfóníur 20. aldar hafa náð þvítíkri hylli sem fimmta sínfónía Shostakovitsj enda er hún magnþrungin og glæsileg, gædd dýpt og einlægri tjáningu. Shostakovitsj kallaði verkið „listrænt svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni“ en tónlistina er hægt að skilja á ýmsa vegu. Þetta er einstakt tækifæri til að heyra eina mögnuðustu sínfóníu 20. aldar undir stjórn Evu Ollikainen, aðalstjórnanda Símfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.

28

04 20
22

Şinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Una Sveinbjarnardóttir,
konsertmeistari
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Ísak Ríkarðsson
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Justyna Bidler
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Xun Yang
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Dagbjört Ingólfssdóttir
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Simen Fegran

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

Bassabásúna

David Bobroff

Pákur

Soraya Nayyar

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniél Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Víkinger Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Halla Oddný Magnúsdóttir *listrænn ráðgjafi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*

Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Dagrún Hálfánardóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað *umsjónarmaður nótna*
Sigbór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgulfsdóttir *sviðsmaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

05|05

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

Eitt frægasta tónskáld Bandaríkjanna
stjórnar tónlist sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

Efnisskrá

John Adams

Short Ride in a Fast Machine
Must the Devil Have All the Good
Tunes?, píanókonsernt
Harmonielehre

John Adams

Hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson

Einleikari

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

